

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

7. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 12. september 1996 og hófst hann kl. 14:30.

Varaformaður L.H. Guðbrandur Kjartansson setti fund og bauð menn velkomna, en Guðmundur formaður var væntanlegur til fundar síðar.

Mættir voru:

Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Birgir R Gunnarsson, Haraldur Þórarinsson og Sigurður Þórhallsson.

Guðmundur Jónsson formaður mætti síðar á fundinn. Kristmundur boðaði forföll.

1. Próun mála frá síðasta fundi.

Stutt umræða fór fram. Farið var yfir þróun mála og ferlið rakið.

2. Ársþing 1996.

Næsta ársþing L.H. verður haldið í Félagsheimilinu Stapa 25. og 26. október n.k. í boði hestamannafélagsins Mána Keflavík. Rétt til þingsetu eiga 126 fulltrúar félaganna. Sigurður framkvæmdastjóri sendi bréf til hestamannafélaganna 10. sept. s.l. þar sem boðað er til ársþingsins með formlegum hætti og lögum samkvæmt. Bréfið var sent út í samráði við formann L.H. Ársþingið mun verða haldið með hefðbundnum hætti.

Guðbrandur fjallaði um "þema þingsins" og lagði til að umræðan nú á þessum vettvangi yrði sameiningarmál L.H. og HÍS. Aðrir tóku undir þessa hugmynd og leist vel á hana. Rætt var um að Sigurður Magnússon kynnti - Tillögu að lögum Landssambands hestaþróttu (LHÍ) sem sameiningarnefnd L.H. og HÍS hefur unnið og dreift hefur verið til allra hestamannafélaga innan L.H. Þá gæti Sigurður einnig kynnt þá umræðu sem fram fer nú um land. Málið var rætt töluvert og verður endanleg ákvörðun tekin á næsta fundi hvernig þetta verður sett upp á ársþinginu. Ýmis konar framkvæmdaatriði er varða þinghaldið verða tekin fyrir á næsta fundi stjórnar sem haldin verður 27. sept. n.k.

3. Reikningar 1995.

Gjaldkeri L.H. Sigurgeir Bárðarson hóf umræðu um ársreikning L.H. 1995 en reikningurinn var lagður fram fullfrágenginn og endurskoðaður. Fram kemur í ársreikningum að heildartekjur ársins 1995 eru kr. 8.716.658.- gjöld eru kr. 7.859.960.- og tekjuafgangur því kr. 856.698.-

Reikningurinn var skoðaður og ræddur og lýstu menn ánægju sinni með rekstrarfkomu ársins 1995.

Frestað var til næsta fundar að ganga endanlega frá fjárhagsáætlun fyrir árið 1996. Sú hugmynd var rædd að koma því á framfæri í Háskóla Íslands og ef til vill víðar að nemar í félagsvísindadeild og/eða viðskiptadeild ynnu verkefni sem fæli í sér úttekt á starfsemi L.H. Hér er átt við útttekt á rekstrarkostnaði, þjónustu við hestamannafélög, ýmsar stofnanir og almenning. Þá yrðu gerðar tillögur um hvernig L.H. gæti orðið "sýnilegra" í þjóðféluginu. Sigurði falið að kanna möguleika í þessu máli hið fyrsta og kynna stjórn L.H. niðurstöður.

4. Skógarhólar.

Sigurður framkvæmdastjóri L.H. hóf umræðu um málefni Skógarhóla og fyrirhugaðar framkvæmdir þar. Hér er m að ræða að leggja vatn og rafmagn í Skógarhóla. Kostnaðaráætlun vegna rafvæðingar á aðstöðu hestamanna að Skógarhólum er kr. 2.400.000.- Kostnaðaráætlun vegna vatnsveituframkvæmda liggur ekki fyrir. Nokkur umræða fór fram um fyrirhugaðar framkvæmdir og samþykkt af stjórninni að fela Sigurði að afla nákvæmari áætlana varðandi stofnkostnað og fjármögnun framkvæmda. Einnig hvernig reksturinn kæmi til með að standa undir afborgunum af lánum. Fram kom í umræðum að eðlilegt sé að komandi ársþing fjalli um þetta mál og taki afstöðu til þess.

5. Sameiningarmál L.H. og HÍS.

Guðmundur hóf umræðu um málið. Hann skýrði og las bréf dags. 11.9.96. undirritað af Jóni Albert Sigurbjörnssyni f.h. stjórnar HÍS þar sem tilkynnt er að stjórn HÍS hafi ákveðið að standa með sameiningarnefnd L.H. og HÍS að fundaferð um landið til kynningar á sameiningarmálinu. Þá las Guðmundur bréf dags. 10.9.96. undirritað af Jóni Albert og Guðmundi Jónssyni. Í bréfinu kemur fram að ekki sé tímabært að boða til slíkra funda fyrr en stjórnir samtakanna hafa tekið ákvörðun um það. Stjórnarmenn lýstu yfir vonbrigðum með hvernig þessi mál hafa þróast nú, hvað þessa fundaherferð áhrærir. Hér er átt við þá kynningu sem Sigurður Magnússon formaður sameiningarnefndar L.H. og HÍS hefur þegar hafið.

6. Aðalfundur FEIF.

Guðmundur Jónsson formaður fer á fundinn en hann verður haldinn 21. september n.k. í Dusseldorf.

7. Önnur mál.

A) Bréf frá umhverfisráðuneyti v. nefndar til að endurskoða efnisákvæði nátturuverndarlaga. Samþykkt að taka þátt í þessu samstarfi.

B) Bréf frá Arnari Þorvaldssyni. Vísað til keppnisnefndar.

C) Samráðsfundur fagráðs og uppskeruhátíð ákveðin 15. nóvember n.k. L.H. kemur að henni eins og áður.

D) Bréf frá náttúruverndarnefnd Rangárvallasýslu, vísað til ferða- og umhverfisnefndar.

Fleira ekki bókað.

Haraldur Þórarinsson
Guðmundur Jónsson
Guðbrandur Kjartansson

Sigbjörn Björnsson
Jón Bergsson
Sigurgeir Bárðarson